

Ed.

144. Frumvarp til laga

um tekjuskattsviðauka árið 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1946 leggja á tekjur ársins 1945 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 greiðist 2%.

Af	9—10 þús. kr.	greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afg.
— 10—12	— —	—	60	— — 10	— — 5
— 12—14	— —	—	160	— — 12	— — 6
— 14—17	— —	—	280	— — 14	— — 7
— 17—20	— —	—	490	— — 17	— — 8
— 20—25	— —	—	730	— — 20	— — 9
— 25—30	— —	—	1180	— — 25	— — 10
— 30—40	— —	—	1680	— — 30	— — 11
— 40—100	— —	—	2780	— — 40	— — 12
— 100—125	— —	—	9980	— — 100	— — 10
— 125—150	— —	—	12480	— — 125	— — 7
— 150—200	— —	—	14230	— — 150	— — 5
— 200	— —	—	16730	— — 200	—

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að framlengja fyrir árið 1946 lög um tekjuskatts-
viðauka, nr. 50 1945, sem gilda fyrir þetta ár.